



STAÐA MÁLS

Málnr.:	19-001F001
Dags:	4. janúar 2019
Staður:	Í klifri frá Keflavíkurflugvelli
Lýsing:	Veikindi í þjónustuáhöfn
Staða máls:	Febrúar 2020: Í rannsókn Janúar 2021: Skýrsludrög í vinnslu

Þann 4. janúar 2019 barst RNSA tilkynning frá Icelandair um að flugvél TF-ISP, sem er Boeing 767-300 flugvél, væri að snúa við til Keflavíkur vegna veikindi flugfreyja um borð.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa var þá þegar með nokkur önnur sambærileg mál til rannsóknar vegna veikinda áhafnameðlima.

Við rannsókn RNSA á atvikinu kom í ljós að þrjár flugfreyjur veiktust í fluginu auk þess að ein flugfreyja til viðbótar fann til vægra einkenna. Þrjár flugfreyjur þurftu súrefni og var ein þeirra óvinnufær í fluginu. Læknir var um borð í fluginu og sinnti hann umönnun flugfreyjunnar sem var óvinnufær.

RNSA skoðar hvort að starfsumhverfi flugfreyjanna tengist veikindunum.

Tvö sambærileg mál¹ á B767 flugvélum og fjögur sambærileg mál² á B757 flugvélum hafa verið sameinuð þessari rannsókn. Er unnið með öll málin sem eina þemarannsókn.

¹ TF-ISN þann 16.12.2017 og TF-ISW 26.03.2019

² TF-LLX þann 2.02.2016, TF-FIW þann 10.08.2016, TF-ISK þann 8.08.2018 og TF-FIP þann 18.09.2019

Í upphafi rannsókna eldri málanna reyndist ekki unnt að komast að líklegri orsök veikindanna, þar sem að hin hefðbundnu rannsóknartæki sem notuð eru við flugslysarannsóknir, sem og tæki um borð í flugvélunum, söfnuðu ekki þeim upplýsingum sem til þurfti.

Eftir því sem leið á rannsóknirnar hóf RNSA einnig að notast við lífsýnatökur sem og efnasýnatökur til þess að aðstoða frekar við rannsóknirnar.

Þar sem að tilkynningin barst RNSA þegar B767 flugvélin (TF-ISP) var enn á flugi á leið til baka til Keflavíkurflugvallar, þá gafst RNSA tækifæri á að taka á móti flugvélinni og taka ýmis efnasýni um borð í flugvélinni strax að lokinni landingu sem nefndinni hafði ekki gefist kostur á í fyrri rannsóknum.

Á síðari stigum rannsóknarinnar hefur RNSA einnig framkvæmt sambærilegar sýnatökur á B757 flugvél (TF-FIP) sem lenti í sambærilegu atviki.

Rannsókn RNSA beinist að hreyflum og hreyflaviðhaldi.